Í dag í kvöld

Myndlist

Hárskerinn, Skúlagötu 54: Árni Elfar sýnir myndir unnar í grafík og mónóprent.

Listmálarinn, Laugavegi 21: Þorlákur Haldórs sýnir olíumálverk.

Mokkar: Gylfi Gíslason sýnir myndir úr Grjótaþorpinu.

Listmunahúsið: Samtímis bókamarkaði stendur yfir sýning á grafík eftir Ingunni Eydal, Jóhönnu Bogadóttur og Elínborgu Lutzen, svo og klippimyndum eftir Tryggva Ólafsson.

Torfan: Björn G. Björnsson sýnir leikmuni úr Paradísarheimt.

Gallerí Lækjartorg: Jóhann G. Jóhannsson sýnir vatnslita- og olíumyndir.

Djúpið: Thor Vilhjálmsson sýnir myndir.

Kjarvalsstaðir: Kinversk myndlist.

Sýning á skipulagstillögu að Grjótaþorpi.

Gallerí Guðmundar: Weissauer sýnir grafík.

Norræna húsið: Penti Kaskipuro sýnir grafík í anddyri.

Í bókasafninu er skartgripasýning.

Listasafn alþýðu: Verk í eigu safnsins.

Listasafn Íslands: sýning á nýjum og eldri verkum í eigu safnsins.

Ásgrímssafn: Afmælissýning.

Nýlistasafnið: Bókasýning, bækur eftir um 100 listamenn frá um 25 löndum.

Gallerí Langbrók: Sigrún Eldjárn sýnir teikningar og vatnslitamyndir.

Torfan: Gylfi Gíslason og Sigurjón Jóhannsson, leikmynda- og búningateikningar.

Gallerí Suðurgata 7: Ólafur Lárusson sýnir.

Epal: Textílhópurinn með sýningu á tauþrykki.

Ásmundarsalur: Jörundur Pálsson sýnir vatnslitamyndir.

Kirkjumunir: Sigrún Gísladóttir sýnir collagemyndir.

Nýja gallerið: Magnús Þórarinsson sýnir olíu- og vatnslitamyndir og ámálaða veggskildi úr tré.

Hótel Borg: Magnús Jóhannesson sýnir vatnslita- og acryl-myndir.

Matsölustaðir

Skrínan: Frábær matur af frönskum toga í huggulegu umhverfi og ekki skemmir, að auk vínveitinganna er öllu verði mjög stillt í hóf. Gylfi Ægisson spilar á orgel milli klukkan 19 og 22 fimmtudaga, föstudaga, laugardaga og sunnudaga.

Hlíðarendi: Góður matur, fín þjónusta og staðurinn notalegur.

Grillir: Dýr en vandaður matsölustaður. Maturinn er frábær og útsýnið gott.

Naustið: Gott matsöluhús, sem býður upp á góðan mat í skemmtilegu umhverfi. Magnús Kjartansson spilar á píanó á fimmtudag- og sunnudagskvöldum og Ragnhildur Gísladóttir syngur oftlega við undirleik hans.

Hótel Holt: Góð þjónusta, góður matur, huggulegt umhverfi. Dýr staður.

Kentucky Fried Chicken: Sérsviðið eru kjúklingar. Hægt að panta og taka með út.

Hótel Borg: Ágætur matur á rótgrónum stað í hjarta borgarinnar.

Múlakaffi: Heimilislegur matur á hóflegu verði.

Esjuberg: Stór og rúmgóður staður. Vinsæll um helgar, ekki síst vegna leikhorns fyrir börn.

Vesturslóð: Nýstárleg innrétting, góður matur og ágætis þjónusta.

Hornið: Vinsæll staður, bæði vegna góðrar staðsetningar og úrvals matar. Í kjallaranum — Djúpinu — eru oft góðar sýningar (Magnús Kjartansson um þessar mundir) og á fimmtudagskvöldum er jazz.

Torfan: Nýstárlegt húsnæði, ágæt staðsetning og góður matur.

Lauga-ás: Góður mat á hóflegu verði, Vínveitingaleyfi myndi ekki saka.

Árberg: Vel útilátinn, góður heimilismatur. Verði stillt í hóf.

Askur, Laugavegi: Tveir veitingastaðir undir sama þaki. Milli klukkan 9 og 17 er hægt að fá fína grillrétti svo að eitthvað sé nefnt á vægu verði. Eftir klukkan 18 breytir staðurinn um svip. Þá fer starfsfólkið í annan einkennisbúning, menn fá þjónustu á borðin og á boðstólum eru yfir 40 réttir auk þess sem vínveitingar eru. Enginn svikinn þar.

Askur, Suðurlandsbraut: Hinir landsfrægu og sígildu Askréttir, sem alltaf standa fyrir sínu. Réttina er bæði hægt að taka með sér heim eða borða þá á staðnum.

Askborgarinn: Hamborgarar af öllum mögulegum gerðum og stærðum.

Askpizza: Þar er boðið upp á ljúffengar pizzur, margar tegundir.

Í sviðsljósinu:

Flest húsin standi áfram í sinni upphaflegu mynd

– ný tillaga að Grjótaþorpi til sýnis að Kjarvalsstöðum


Að Kjarvalsstöðum stendur yfir sýning á skipulagstillögu að Grjótaþorpi. Gefst mönnum þar tækifæri til að kynna sér tillöguna og einnig eru ráðgerðir tveir fyrirlestrar varðandi málið meðan á sýningunni stendur, annan mun Hjörleifur Stefánsson flytja og Nanna Hermannsson hinn.

Það var síðla sumars í ár að lögð var fram skipulagsnefnd Reykjavíkur ný tillaga að Grjótaþorpi. Tillagan hefur aðeins lítillega verið rædd af viðkomandi yfirvöldum, þar sem betra þótti að kanna viðbrögð hennar meðal almennings áður en lengra væri haldið.

Margar skipulagstillögur hafa verið gerðar að Grjótaþorpi á seinustu áratugum. Þá fyrstu gerði Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins, árið 1925, og töldu menn þá réttast að gera ræað fyrir því að öll húsin sem voru í Grjótaþorpi yrðu rifin og ný, samfelld randbygging, kæmi í þeirra stað. Síðan hefur hver skipulagstillagan rekið aðra og hefur þeim öllum verið það sammerkt að þar hefur verið gert ráð fyrir algerri endurnýjun byggðarinnar.

Það var síðan fyrir nokkrum árum, að fram komu hugmyndir um að varðveita mætti eitthvað af húsum þorpsins og miða uppbyggingu að einhverju leyti við það, sem fyrir væri. Su tillaga, sem nú er til sýnis gengur lengst í því efni, nefnilega ð sem flest húsin standi áfram í sinni upphaflegu mynd og á auðum lóðum verði byggð ný hús, sem taki mið af þeim, sem umhverfis eru að formi til og efnisnotkun. Lóðaskiptin verði og að mestu óbreytt.

Þá er og gert ráð fyrir sömu götustæðum að meginhluta til og reynt verður að undirstrika rétt gangandi vegfarenda með sérstöku yfirborði gatna, stuðlað verði að hægum akstri bíla og flestar götur verði einst?efnuakstursgötur. Einnig er mælt með að borgaryfirvöld gangi sem fyrst frá öllum opinberum svæðum í Grjótaþorpi og þau ríði á vaðið með endurbætur á þeim húsum, sem eru í eigu hins opinbera. —KÞ



Hin nýja skipulagstillaga að Grjótaþopri. Visism. BG.

Smáauglýsingar — sími 86611

OPIÐ: Mánudaga til föstudaga kl. 9-22
Laugardaga kl. 9-14 — sunnudaga kl. 18-22

Til sölu

Til sölu
Philips myndsegulbndstæki 1702 VCR, sem nýtt ásamt 18 klst. myndefni. Uppl. í síma 96-25197.

Pels,
lítið notaður til sölu. Einnig svart-hvitt sjónvarpstæki. Uppl. í síma 34152.

Fornverslunin, Grettisgötu 31, sími 13562. Eldhúskollar, svefnbekkir, eldavélar, skenkur, borðstofuborð og stólar, svefnsófar tvíbreiðir og margt fleira. Fornversl. Grettisgötu 31, sími 13562.

Óskast keypt

Frystikista óskast.
Vil kaupa ódýra, notaða frystikisku, allar stærðir koma til greina. Verður sótt e.h. laugardag. Uppl um tegund, stærð, viðgerðartíðni og verð, leggist inn á augld. Vísis, merkt „Jólapeningar 33975".

Húsgögn

Svefnsófasett til sölu.
Uppl. í síma 75182.

Til sölu
vel með farið norskt hornsófasett ásamt 2 stólum. Selst ódýrt. Sími 18217.

Hjónarúm úr eik
með áföstum náttborðum til sölu. Hagstætt verð. Uppl. í síma 12496.

Gott hjónarúm
til sölu. Uppl. í síma 73383.

Nýtt sófasett til sölu,
dökkbrúnt pluss-áklæði, 2ja og 3ja sæta sófar og 2 stólar. Kostar nýtt 1.114 þús., verður selt á 800 þús. Uppl. í síma 51371.

Fristandandi hilluskilrúm
(maghoni). Hæð 2 m, breidd 52 cm, lengd 1.25 m. Tilvalið sem skilrúm í stofu eða hol. Sem nýtt. Uppl. í síma 21254 eða 13930.

Til jólagjafa.
Innskotsborð 5 gerðir, kaffi- og barnavagnar, sófaborð, lampaborð, taflborð, rokkokoborð. Blómasúlur, blómakassar, blómastangir, rokkókostólar, renaisancestólar, barrokkstólar, hvildarstólar. Blaðagrindur, fatahengi, lampar, styttur o.m.fl. — Nýja bólsturgerðin, Garðshorni, Fossvogi. Sími 16541.

Sófasett til sölu.
Ódýrt. Uppl. í síma 20136.

Sjónvörp

Tökum í umboðssölu.
notuð sjónvarpstæki. Athugið ekki eldri en 6 ára. Sportmarkaðurinn, Grensásvegi 50, sími 31290.

Hljómtæki

Sportmarkaðurinn
Grensásvegi 50 auglýsir: Hjá okkur er endalaus hljómtækjasala, seljum hljómtækin strax, séu þau á staðnum. ATH. mikil eftirspurn eftir flestum tegundum hljómtækja. Höfum ávallt úrval hljómtækja á staðnum. Greiðsluskilmálar við allra hæfi. Verið velkomin.
Sportmarkaðurinn, Grensásvegi 50, sími 32190.
P.S. Ekkert geymslugjald.
Sendum gegn póstkröfu.

Hjól – vagnar

ESKA fjölskylduhjól
til sölu. Verð kr. 35 þús. Uppl. í síma 13748 eða 25867.

Suzuki AC 50 árg. '74,
í góðu lagi til sölu. Uppl. í síma 71991 e.kl. 20.

Verslun

Jólamarkaðurinn í Breiðfirðingabúð:
Fallegar og ódýrar vörur verða seldar næstu daga t.d. ungbarnafatnaður, barnabuxur, barnapeysur, leikföng, jólastjörnur, jólakúlur, útiljósasamstæða o.m.fl. Hér eru um mjög ódýrar og góðar vörur að ræða. Jólamarkaðurinn í Breiðfirðingabúð.

6 VANDAÐAR BÆKUR Á KR. 5000.-
Bókaútgáfan Rökkur tilkynnir: Kjarakaupatilboð Rökkurs er sem hér segir:
Eftirtaldar bækur, allar í vönduðu bandi á kr. 5.000.-
Frumsamdar,
Horft inn í hreint hjarta,
4. útgáfa.
Ævintýri Íslendings, 2. útg.
(Frumsamdar eftir Axel Thorsteinsson)
Gamlar glæður, Skotið á heiðinni, Ástardrykkurinn og Ég kem í kvöld, skáldsaga um ástir og örlög Napóleons og Jósefínu.
Allt úrvals sögur um ástir og dulrænt efni, SENDAR BURÐARGJALDS FRÍTT EF GREIÐSLA FYLGIR PÖNTUN. GÓÐUR KAUPBÆTIR AUKREITIS.
Útgáfan hefur einnig fleiri vandaðar bækur á lágu verði. Hún minnir einnig á Greifann af Monte Christo, 5. útg. í 2 bindum. Útvarpssagan vinsæla: Reynt að gleyma, Linnankoski: Blómið blóðrauða, þýðendur Guðmundur heitinn skólaskáld og Axel Thorsteinsson.
BÓKAÚTGÁFAN RÖKKUR FLÓKAGÖTU 15. Sími 18768.

Bókaafgreiðsla opin 9-11 og 15-19 alla virka daga til jóla.

Vetrarvörur

Tvenn keppnisskíði
til sölu, vel með farin, seljast á hálfvirði. Uppl. í síma 33786.

Vetrarvörur
Sportmarkaðurinn, Grensásvegi 50 auglýsir: Skíðamarkaðurinn á fulla ferð. Eins og áður tökum við í umboðssölu skíði, skíðaskó, skíðagalla, skauta o.fl. Athugið höfum einnig nýjar skíðavörur í úrvali á hagstæðu verði. Opið frá kl. 10-12 og 1-6, laugardag kl. 10-12.
Sendum í póstkröfu um land allt.
Sportmarkaðurinn, Grensásvegi 50, sími 31290.

Fatnaður

Halló dömur.
Stórglæsileg nýtisku pils til sölu. Plíseruð pils í öllum stærðum (þola þvott í þvottavél). Ennfremur blússur í stærðum 34-36 og þröng pils með klauf.
Sérstakt tækifærisverð.
Sendi í póstkröfu.
Uppl. í síma 23662.

Til bygginga

Mótatimbur
2x4" og 1 1/2x4", ýmsar lengdir, til sölu. Einnig stuttar uppistöður í sökkul. Uppl. í síma 53953.

Hreingerningar

Hreingerningar — Gólfteppahreinsun.
Tökum að okkur hreingerningar á íbúðum, stigagöngum og stofnunum. Einnig gólfteppahreinsun með nýrri djúphreinsivél sem hreinsar með góðum árangri. Munið að panta tímanlega fyrir jól. Vanir og vandvirkir menn. Uppl. í síma 33049 og 85086. Haukur og Guðmundur.

Gólfteppaþjónusta.
Hreinsum teppi og húsgögn með háþrýstitæki og sogkrafti. Erum einnig með þurrhreinsun á ullarteppi ef þarf. Það er fátt sem stenst tækin okkar. Nú eins og alltaf áður, tryggjum við fljóta og vandaða vinnu. Ath. 50 kr. afsláttur á fermetra á tómu húsnæði. Erna og Þorsteinn, sími 20888.

Tökum að okkur hreingerningar á íbúðum, stigagöngum og stofnunum. Tökum einnig að okkur hreingerningar utan borgarinnar og einnig gólfhreinsun. Nú er rétti tíminn til að panta jólahreingerninguna. Þorsteinn, sími 28997 og 20498.

Þrif—Hreingerningarþjónusta.
Tökum að okkur hreingerningar og gólfteppahreinsun á íbúðum, stigagöngum o.fl. Einnig húsgagnahreinsun. Ódýr og örugg þjónusta. Vanir og vandvirkir menn.
Uppl. hjá Bjarna í síma 77035.

Dýrahald

3 folar
og 2 barnahestar til sölu. Uppl. í síma 99-5271.

Fiskabúr og dæla
til sölu. Uppl. í síma 42415.

Einkamál

Ungur einhleypur
maður, sem býr í kaupstað úti á landi, óskar eftir að kynnast stúlku á aldrinum 24-28 ára með sambúð í huga. Mætti gjarnan eiga börn. Upplýsingar ásamt mynd sendist augld. Vísis merkt „311".

Viðskiptavixlar.
Kaupi viðskiptavixla með afföllum. Leggið nafn og nauðsynlegar uppl. inn á augld. Vísis merkt: Strax 60.